



Yfirlýsing frá stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis

Á dögnum samþykkti meirihluti stjórnar LÍN úthlutunarreglur fyrir námsárið 2017-2018 og hefur ráðherra nú staðfest þær. Með þeirri ákvörðun gefa stjórnvöld enn frekar í þegar kemur að niðurskurði gegn námsmönnum erlendis.

Þessi ákvörðun veldur okkur hjá SÍNE miklum vonbrigðum. Við höfðum vonað að með nýrri stjórn kæmu betri vinnubrögð og að öllum niðurskurði yrði hætt uns framfærslugrunnurinn yrði endurskoðaður í góðri samvinnu. Í því samhengi má nefna svör Bjartrar Framtíðar og Viðreisnar við spurningum frá SÍNE fyrir kosningar. Í svörum þeirra var lögð áhersla á að framfærslugrunnurinn endurspeglaði raunverulega framfærslu.

Stjórn SÍNE hefur ítrekað bent á galla við útreikning framfærslugrunns . Á síðustu árum hefur gegndarlausum niðurskurði verið beitt gegn námsmönnum erlendis. Ekki nóg með það að framfærslulán hafi verið skorin um allt að 40% heldur hafa ferðalán og frítækjumark verið skert sömuleiðis.

Stjórn SÍNE leggur áherslu á að félagið, sem og aðrar stúdentahreyfingar, fái að koma að allri vinnu í tengslum við endurskoðun framfærslugrunns og laga um LÍN svo að sem mest sátt fáiast um málaflokkinn til framtíðar.